

Ríkisaðili	Menntaskólinn í Kópavogi	Ráðuneyti	Mennta- og barnamálaráðuneytið
Ábyrgðaraðili	Guðríður Hrund Helgadóttir		
A	Kjarnastarfsemi		
	<p>Menntaskólinn í Kópavogi er blandaður framhaldsskóli sem kennir samkvæmt áfangakerfi. Í skólanum er boðið upp á bóknámsbrautir (Félags- og hugvísindabraut, Opna braut, Raungreinabraut, Viðskipta- og hagfræðibraut) til stúdentsprófs, starfsnámsbrautir sem leiða til starfsréttinda eða veita nemendum heimild til að þreyta sveinspróf í löggildri iðngrein (matvælagreinar), framhaldsskólalabú fyrir nemendur sem ekki hafa náð tilskildum árangri í grunnskóla, starfsbraut fyrir nemendur á einhverfurófi og nám í leiðsögn um Ísland í kvöldnámi.</p> <p>Í skólanum er vel útbúið bókasafn og mötuneyti fyrir nemendur og starfsfólk skólans.</p> <p>Skólinn er í góðu sambandi og samvinnu við grunnskólana í Kópavogi og býður nemendum þaðan að taka framhaldsskólaáfanga í bóklegum greinum og flýta þannig fyrir sér í námi.</p> <p>Í skólanum er starfrækt afrekssvið í samvinnu við íþróttafélög Kópavogs þ.e. Breiðablik, Gerplu, GKG og HK. Nemendum á afrekssviði fjölga stöðugt en í dag eru 260 nemendur á sviðinu sem stunda fjölbreyttar íþróttagreinar samhliða bóknámi. Afrekssvið skólans er aðili að European Dual Career Network og styðst við leiðbeiningar Evrópusambandsins um dual career nám.</p>		

Skólinn starfar eftir lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og gildandi námskrá. Skólinn leggur ríka áherslu á að veita nemendum öflugna menntun í námsumhverfi þar sem nemendum líður vel og læra hvernig taka á ábyrgð á eigin námi. Inntökuskilyrði eru tilgreind á heimasíðu skólans. Skólanámskrá skólans er rafræn og í samræmi við Aðalnámskrá framhaldsskóla. Skólanámskráin er í stöðugri þróun og tekur breytingum ár frá ári. Námsbraut í leiðsögunámi er í endurskoðun og stefnt að innritun samkvæmt nýrri námskrá haustið 2024.

Með fjölbreyttu námsframboði í bók- og starfsnámi fyrir breiðan hóp nemenda tekur Menntaskólinn í Kópavogi þátt í vinnu að meginmarkmiðum stjórnvalda um að veita framúrskarandi menntun með áherslu á þekkingu, vellíðan, þrautseigju og árangur í umhverfi þar sem allir skipta máli og geta lært.

Tafla yfir námsbrautir og fjölda nemenda á þeim í upphafi haustannar 2023

Námsbrautir	Fjöldi nemenda við upphaf skólaárs	Námsbrautir	Fjöldi nemenda við upphaf skólaárs
Bóknámsbrautir (4)	641	Bakaraíðn	18
Framhaldsskólabrú	49	Framreiðsla	28
Grunnám matvæla- og ferðagreina	47	Kjötiðn	9
Leiðsögunám	71	Matartæknánám	24
Matsveinanám	24	Matreiðsla	58
Meistaránám í matvælagreinum	46	Starfsbraut fyrir nemendur á einhverfurófi	27

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2024-2026

Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026
A1	Auka gæði náms og kennslu	4.3	Líðan nemenda í skólanum	Nýnemakönnun	79,49% líður vel eða mjög vel í skólanum	Að 85% nemenda líði vel eða mjög vel í skólanum	Að viðhalda vellíðan nemenda
			Þátttaka nemenda í kennslu og áfangamati	Áfangamat	Svarhlutfall, 54%	60% svarhlutfall eða hærra	75% svarhlutfall eða hærra
			Starfsþróun kennara - sjálfsmat kennara	Könnun lögð fyrir kennara	Ekki til	50% svarhlutfall kennara	80% svarhlutfall kennara
Tengist markmiði málaflokks							
<i>Auka gæði menntunar í framhaldsskólum</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2024-2026

A1.1	Veita rými fyrir þverfaglegt samstarf og virkja kennslufræðilega leiðtoga				Haust 2023	Reglulega	
A1.2	Efla nemendalýðræði (rýnihópar með nemendum og skólamálfing - raddir nemenda)				Vor 2024	Reglulega	
A1.3	Gagnasöfnun í tengslum við starfsþróun kennara til að geta hvatt þá til að taka þátt í slíku starfi og deila reynslu sín á milli. Undirbúningsvinna hefst vorið 2024				Haust 2024	Reglulega	
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026
A2	Að nemendur séu vel undirbúnir fyrir áframhaldandi nám og starf	4.3	Hlutfall og gengi þeirra sem hefja háskólanám	Könnun meðal útskrifaðra nemenda í bóknámi	Ekki til	Að 50% svarenda telji námið í MK góðan undirbúning fyrir háskólanám	Að 70% svarenda telji námið í MK góðan undirbúning fyrir háskólanám
			Ánægja með undirbúning í matvælagreinum fyrir störf á þeim vettvangi	Könnun meðal útskrifaðra nemenda í starfsnámi	Ekki til	Að 50% telji námið í MK góðan undirbúning fyrir starf í	Að 70% telji námið í MK góðan undirbúning fyrir starf í

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2024-2026

						sinni starfsgrein	sinni starfsgrein
Tengist markmiði málaflokks							
<i>Auka gæði menntunar í framhaldsskólum</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A2.1	Setja upp spurningakönnun og leggja fyrir útskrifaða nemendur					Vor 2025	Reglulega
A2.2	Setja upp rýnihópa útskrifaðra nemenda					Vor 2025	Reglulega
A2.3							
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026
A3	Fjölga nemendum í starfsnámi	4.4	Fjöldi nemenda í starfsnámi	Gögn úr nemendabókhalði (INNA)	Vor 2022 voru 153 nemendur í starfsnámi	175 nemendur í starfsnámi á önn	190 nemendur í starfsnámi á önn

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2024-2026

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Endir
A3.1	Setja upp lotubundið nám í kjötið og framreiðslu	Haust 2024	Reglulega
A3.2	Vinna við að þróa námsbrautina grunndeild matvæla og ferðagreina	Haust 2024	Haust 2025
A3.3	Bóklegar greinar tengdar starfsnámi verði einnig í boði í fjarnámi	Haust 2024	Reglulega

B	Rekstrarþættir
	<p>Starfsmenn Menntaskólans í Kópavogi eru alls 99. Þar af eru 21 starfsmaður 60 ára eða eldri (21,2%).</p> <p>Kennarar við skólann eru alls 74, 19 karlar og 55 konur. 17 kennarar eru 60 ára eða eldri (23%). Aðrir starfsmenn eru alls 25, 6 karlar og 19 konur. Þar af eru 4 starfsmenn eldri en 60 ára (16%). Langtímaveikindi á meðal starfsmanna á tímabilinu janúar - október árið 2023 eru 5 stöðugildi. Við skólann er nokkur fjöldi stundakennara sem kenna í leiðsögunámi sem kennt er á kvöldin og eru utan við þær tölur sem hér eru gefnar sem eiga aðeins við dagskóla.</p> <p>Á sviði nemendapjónustu eru tveir í stöðu náms- og starfsráðgjafa (kvk) og einn sálfræðingur (kvk) í fullri stöðu sem veitir nemendum þjónustu á sviði sálgæslu. Auk þess sinnir hjúkrunarfræðingur á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins nemendum í 25% stöðugildi.</p> <p>Yfirstjórn skólans samanstendur af skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, náms- og skrifstofustjóra og framkvæmdastjóra Hótel- og matvælkólans. Í yfirstjórn skólans eru fjórar konur og einn karl. Með yfirstjórn starfa, fjármálastjóri (kvk), kennslustjóri (kvk, 75%) og gæðastjóri (kk, 20%). Stjórnun er dreifstýrð en framkvæmdastjóri Hótel- og matvælkólans veitir verknámshluta skólans forstöðu, heldur utan um rafræna ferilbók og samskipti við atvinnulífið. Auk þess starfa tveir fagstjórar við skólann; fagstjóri afreksíþróttasviðs (kk) og fagstjóri leiðsöguskólans (kvk).</p> <p>Við skólann starfar félagslífsfulltrúi, jafnréttisfulltrúi, umhverfisfulltrúi og forvarnarfulltrúi. Það eru allt kennarar sem sinna þessum hlutverkum samhliða kennslu.</p> <p>Á heimasíðu skólans er að finna stefnuskjöl skólans: Stefnu MK, heilsustefnu, gæðastefnu, forvarnarstefnu, jafnréttisstefnu, menntastefnu, starfsmannastefnu, umhverfis- og loftlagssfefnu, vinnuverndarstefnu, upplýsingatæknistefnu, innkaupastefnu,</p>

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2024-2026

alþjóðastefnu, fjölmeningarstefnu, eineltis- og áreitnisstefnu og persónuverndarstefnu. Unnið er að samgöngusáttmála og stefnt er að því að þriðja græna skrefið verði stigið vorið 2024 og fjórða vorið 2025.

Ytri úttekt fór fram á starfsemi skólans árið 2023. Unnið er að umbótaáætlun og stefnt er að því að ljúka umbótum árið 2025. Ytra mat er áætlað næst 2028.

Innra mat skólans hefur farið fram með gæðakerfum, ISO-9001:2015 og HACCP og sjálfsmatsskýrslur Menntaskólans í Kópavogi má finna á heimasíðu skólans. Á vorönn 2023 var úttekt á gæðakerfinu ISO-9001:2015 sagt upp. Einn starfsmaður vinnur áfram að gæðamálum en stefnt er að því að mynda matsteymi á haustönn 2024 þar sem fulltrúar stjórnenda, kennara, forráðamanna og nemenda sitja í og halda jafnframt rýnifundi stjórnenda.

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026
B1	Aukin skilvirkni	Ut anumhald um námssamninga iðnnema	Rafrænar ferilbækur í INNU	Innleiðing hafin	Allir nýir samningar rafrænir	Allir samningar rafrænir

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2024-2026

Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B1.1	Fræða nemendur og iðnmeistara um mikilvægi rafrænna ferilbóka og samninga				Innleiðing hafin	2026
B1.2						
B1.3						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026
B2	Auka starfsánægju og draga úr langtímaveikindum	Starfsánægjukönnun	Staða í stofnun ársins	Heildareinkunn= 4,04 Starfsandi= 4,12 Vinnuskilyrði=4,18 Stjórnun=3,93	Heildareinkunn= 4,1 Starfsandi= 4,3 Vinnuskilyrði=4,2 Stjórnun=4,0	Heildareinkunn= 4,2 Starfsandi=4,5 Vinnuskilyrði=4,4 Stjórnun=4,2

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2024-2026

		Sálfélagslegt áhættumat	Skýrsla frá Attendus	Ekki til	Fækka þáttum sem þarfnast úrbóta	Ekkert mælist sem þarfnast úrbóta
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B2.1	Aukið samráð og samstarf við starfsfólk varðandi aðbúnað, vinnuskilyrði og ákvarðanatöku er snýr að þeim				Haust 2023	Reglulega
B2.2	Markviss vinna í að hrósa starfsfólki fyrir vel unnin störf og að starfsfólk hrósi hvert öðru				Haust 2023	Reglulega
B2.3	Uppfæra samskiptasáttmálann og hvetja allt starfsfólk til að vinna eftir honum				Vor 2024	Reglulega
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026
	Draga úr umhverfisáhrifum	Framþróun í verkefninu um græn skref í ríkisrekstri	Staðfesting frá Umhverfisstofnun	30. mars 2023 var	Skref þrjú	Skref fimm

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2024-2026

B3				skrefi tvö náð		
	Nýting matvæla per nemanda í skólanum	-Inn/út vigtun á lífrænum úrgangi -Innkaup -Nemendafjöldi hverju sinni	Ekki hafið	Bæta nýtingu um 2% á tveggja ára fresti	Bæta nýtingu um 2% á tveggja ára fresti	
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B3.1	Kælikerfi skólans endurbætt				Vor 2024	Sumar 2024
B3.2	Afurðum sem falla til í kennslu verði komið í verð eða í notkun mótuneytis				2022	reglulegt
B3.3						

Leiðbeiningar við móttun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Almennt um skjalið

Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar er engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuð áætlun.

Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.

Gera má nánari grein fyrir stefnumiðaðri áætlun aðila til þriggja ára og framkvæmd hennar í viðauka. Stefnumiðaða áætlunin verður birt á vefjum aðila og Stjórnarráðsins.

Kjarnastarfsemi

Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila, undir hvaða málaflokk/a starfsemin fellur og hlutverki við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Þetta er ekki hugsað sem tæmandi listi yfir lögbundin verkefni heldur yfirlit yfir eðli eða tegundir verkefna og tengingu þeirra við opinberar stefnur og áætlanir.

Eftir því sem mögulegt er skal gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum í kjarnastarfsemi aðila.

Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun kjarnastarfsemi.

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokki, sbr. fjármálaáætlun.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (e. *outcome*) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (e. *input*) aðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

HM er skammstöfun fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valkvætt er skrá númer þess heimsmarkmiðs sem viðkomandi markmið styður við. Hægt er að hafa til hliðsjónar heimsmarkmið sem skilgreind eru í markmiðatöflu í fjármálaáætlun.

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar mælikvarða sem skilgreindir eru í markmiðatöflu í gildandi fjármálaáætlun.

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvernær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Hafa skal til hliðsjónar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðatöflu í gildandi fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sérstaklega ef þær eru á ábyrgð aðila.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.

Rekstrarþættir

Gera skal grein fyrir hvernig innra starf og skipulag ríkisaðila styður við kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Fjalla skal stuttlega um áherslur og áætlaða þróun í innra starfi s.s. stjórnskipulagi, fjármálum, mannauðsmálum (fjöldi starfsmanna, stjórnendur, starfstöðvar, áætlun aukna þörf o.s.frv.) jafnréttismálum, umhverfismálum og upplýsingatækni.

Loks skal gera grein fyrir hvernig gæði og árangur í allri starfsemi eru metin. Er starfsemi metin reglulega? Hvernig er matið framkvæmt? Hvernig er gripið til úrbóta? Í hve ríkum mæli eru mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið fyrir rekstrarþætti, í viðum skilningi og almenna starfsemi aðila.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að auknum gæðum í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti. Markmiðin ættu að taka til aukinnar skilvirkni í starfsemi ríkisaðila,

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

umbóta á sviði mannauðsmála og umhverfismála. Sem dæmi má taka mið af áherslum um betri vinnutíma og umbótasamtal því tengt auk markmiða stjórnvalda sem miða að því að stafræn samskipti séu megin samskiptaleið við ríkið og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040.

Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur af markmiðasetningu?

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem stefnumiðaða áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvenær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.